



Borgarráð

Brúum bilið. Fjölgun leikskólarýma.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að fara í innkaupaferli vegna byggingar á 14 nýjum kennslustofum við 6 leikskóla ásamt lóðafrágangi.

Kostnaðaráætlun er 2.100,- m.kr. Þar af eru lóðaframkvæmdir 150 m.kr.

Greinargerð:

Framkvæmdin er hluti af verkefninu „Brúum bilið“ og felur í sér byggingu á 14 nýjum kennslustofum ásamt tengibyggingum og tilheyrandi lóðaframkvæmdum við leikskólana Grandaborg, Hólaborg, Árborg, Jörfa, Maríuborg og Vesturborg. Fjöldi leikskólaplássa í nýjum kennslustofum verður 184. Eldri og minni kennslustofur sem nú eru við leikskólana Jörfa og Maríuborg með 22 leikskólaplássum munu víkja. Fjölgar leikskólaplássum því um 162. Í Hólaborg, Árborg og Vesturborg verða einnig gerðar endurbætur á aðstöðu starfsfólks.

Kostnaðarstaður: 1106

Kostnaðaráætlun: 2.100,- m.kr.

Ámundi V. Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Kynning



Brúum bilið. Fjölgun leikskólaplássa

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



Lýsing á framkvæmd


- Framkvæmdin felur í sér að setja niður 14 kennslustofur við 6 leikskóla ásamt tengibyggingum.
- Kennslustofurnar eru byggðar úr timbri á stálbitum og verður að vera hægt að flytja í heilu lagi.
- Framkvæmd verður boðin út sem alútboð, hönnun, smíði og frágangur á lóð.
- Framkvæmd er skipt upp í nokkur útboð. Þegar samþykkt deiliskipulag liggur fyrir verður framkvæmd á hverjum stað fyrir sig boðin út.
- Hliðaverkefni við þessa framkvæmd er flutningur á eldri/minni kennslustofum við leikskólana Maríuborg og Jörfa á nýja staði en það eru 22 pláss sem þurfa að víkja, 10 í Maríuborg og 12 í Jörfa.



Yfirlitsmynd


Hér má sjá dæmi um grunnmynd frá Árborg; Stofurnar þar eru tvær, kennslustofa og starfsmannarými ásamt tengibyggingu.

Ein kennslustofa er 100m² og tengibygging um 30-50m²





Yfirlitsmynd



Hverfi	Verkefni	Fjölgun barna	Fjöldi húsa	Starfsmannaaðstaða
Vesturbær	Grandaborg	32	2	
Breiðholt	Hólaborg	32	3	X
Árbær	Árborg	24	2	X
Háaleiti og Bústaðir	Jörfi	20	2	
Grafarholt og Úlfarsárdalur	Maríuborg	22	2	
Vesturbær	Vesturborg	32	3	X
	Samtals	162	14	



Áætlaður verktími

2025

2026

2027





Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina eru 2.100.000.000,- m.kr. (+/- 15%).
Kostnaðaráætlun innifelur undirbúning, hönnun og framkvæmd, lóðafrágang, umsjón og eftirlit ásamt búnaði í kennslustofurnar og flutning á tveimur núverandi stofum.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir 2025 og áætlað að þeim ljúki í byrjun árs 2027.

Stefnt er að bjóða út í eftirfarandi pökkum:

- Árborg
- Hólaborg
- Vesturborg, Jörfi
- Maríuborg, Grandaborg
- Flutningur á tveimur eldri kennslustofum



Markmið og stefna

Framkvæmdin styður við stefnu
Reykjavíkurborgar um að fjölga
leikskólaplássum og er hluti af verkefninu
„Brúum bilið.“

Með þessari framkvæmd mun leikskólaplássum
fjölga um 162.





Reykjavík